

L Ö G

15
6. júlí

um

viðauka við lög nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hlunnindi þau, sem felast í lögum nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups, skulu einnig ná til kaupgjalds og aksturslauna bifreiðarstjóra.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

S. Kristinsson.

L Ö G

16
6. júlí

um

heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni skirteini til vélstjórnar á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Jóni Þorleifi Jósefssyni vélstjóra skirteini til þess að vera vélstjóri á gufuskipum og mótorskipum, sem

16 ganga á fiskveiðar, og til þess að vera 1. vélstjóri á öðrum skipum með allt að
6. júlí 200 hestafla vél og til þess að vera 2. vélstjóri á öllum öðrum skipum.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

S. Kristinsson.

17
6. júlí

L Ö G

um

bókasöfn prestakalla.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna má bókasöfn fyrir prestaköll með bóka gjöfum og bókakaupum, svo sem nánar er tiltekið í lögum þessum.

2. gr.

Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis, svo og almennar fræðibækur og úrvals skáldrit. Bókasöfnin mega þiggja bækur að gjöf.

3. gr.

Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skal hann þá fyrir júnílok ár hvert senda „bókanefnd prestakalla“ skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið, og greiða $\frac{1}{4}$ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjalds fyrirfram.